




Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
150 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögðu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is



Reykjavík 19. apríl 2021
Tilv.: DMR21030016/0.14.1

Ráðuneytið vísar til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 28. október 2020, þar sem óskað er viðbragða við ábendingum og tilmælum sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins og settar eru fram í skýrslu umboðsmanns í tilefni af heimsókn hans í fangageymslu lögreglustöðvarinnar á höfuðborgarsvæðinu í apríl 2019 á grundvelli OPCAT eftirlits.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við þær ábendingar og tilmæli sem umboðsmaður setur fram í skýrslu sinni.

Til að bregðast við ábendingum og tilmælum skýrslunnar hefur ráðuneytið fundað með fulltrúum ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Fram kom hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að töluverðar úrbætur, m.a. á verklagsreglum, hefðu þegar átt sér stað hjá embættinu á grundvelli þeirra tilmæla sem fram koma í skýrslunni. Í framhaldi af fundinum var ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem yrði falið það verkefni að bregðast við tilmælum sem koma fram í skýrslu umboðsmanns og varða breytingar á lögum og reglum, þar á meðal:

- að taka til athugunar hvort lögfesta þurfi reglur um vistun handtekinna einstaklinga í fangageymslu þar sem nánar er mælt fyrir um aðbúnað, meðferð og réttarstöðu þeirra,
- að taka til athugunar hvernig fylgt verði eftir eftir áformum um samræmingu verklags vegna vistunar einstaklinga í fangageymslum sem taldir eru í sjálfsvígshættu og að hugað verði að því hvernig hægt sé að tryggja aðkomu heilbrigðisstarfsfólks að mati á ástandi handtekinna manna áður en þeir vistast í fangageymslu,
- að taka til athugunar endurskoðun á verklagi í fangageymslu til að tryggja að einungis lögreglumenn sem hafi til þess sérstaka menntun, þjálfun og valdbeitingarheimildir sinni störfum sem teljist til lögreglustarfa, en breytingar af þessu tagi kunna að kalla á breytingar á lögum.

Til viðbótar ber að nefna að árið 2019 tók umboðsmaður Alþingis til athugunar verklag lögreglu varðandi vistun einstaklinga í sjálfsvígshættu í fangageymslum. Vinna varðandi samræmingu verklags lögreglu til að tryggja að vistun við slíkar aðstæður samræmist lögum og alþjóðlegum skuldbindingum hófst á árinu 2020 en er ekki lokið. Þetta viðfangsefni er nátengt framangreindum tilmælum sem fram koma í heimsóknarskýrslu umboðsmanns vegna lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu og er því lagt til að framangreindur starfshópur taki það einnig til skoðunar.

Starfshópnum verður falið að gera tillögur að lagabreytingum og breytingum á reglugerðum. Fulltrúi dómsmálaráðuneytis mun leiða starfshópinn en í honum munu einnig eiga sæti fulltrúar ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fleiri aðilar verða eftir atvikum kallaðir til samráðs.

Í skýrslu umboðsmanns er því beint lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að útbúa sérstakt upplýsingaeyðublað fyrir börn sem vistast í fangageymslu á skýru og einföldu máli sem hæfir aldri og þeirra þroska. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu leitaði atbeina ráðuneytisins vegna þessa sem hafði milligöngu um að Umboðsmaður barna tók að sér að vinna leiðbeiningar fyrir lögregluna sem grunn að slíku upplýsingaeyðublaði.

Fyrir hönd ráðherra



Bryndís Helgadóttir



Drífa Kristín Sigurðardóttir